

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 21. júlí 1987****sem breytir tilskipun 85/210/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um blýmagn í bensíni****(87/416/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 130. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af tillögu Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Tilskipun 85/210/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 85/581/EBE ⁽⁵⁾, skuldbindur aðildarríkin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að blýlaust bensín sé fánlegt á yfirráðasvæðum þeirra frá 1. október 1989 að telja og sem víðast.

Þess hefur orðið vart að blý skaði alvarlega almannaheilbrigði og umhverfi. Þar eð blýbensín er megin mengunarvaldur er rétt að heimila aðildarríkjum að banna markaðssetningu á venjulegu blýbensíni.

Bandalagið hefur skuldbundið sig til að draga úr notkun blýbensíns og ber að líta á það sem lið í viðvarandi viðleitni til að koma enn frekar í veg fyrir áhrif blýs í umhverfinu á íbúa bandalagsins.

Of margar ólíkar tegundir af bensíni sem eru samtímis á markaðnum hindra aukna notkun blýlauss bensíns og koma í veg fyrir bætt umhverfi.

Ef venjulegt blýbensín yrði tekið af markaðnum hefði það í för með sér að notaðar yrðu vörur sem kæmu í stað þess.

Ökutæki sem nú ganga fyrir venjulegu blýbensíni geta tæknilega séð gengið hvort heldur fyrir gæðablýbensíni eða fyrir blýlausu bensíni.

Þess er að vænta að skipt verði yfir í notkun á blýlausu bensíni þar sem það hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað fyrir notandann.

Bann við venjulegu blýbensíni á markaði aðildarríkis ætti því að leiða til aukinnar verndunar á umhverfi og heilsu manna.

Æskilegt er að almenningi sé gefin viðvörðun með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara áður en venjulegt blýbensín verður bannað á innanlandsmörkuðum aðildarríkjanna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 2. gr. tilskipunar 85/210/EBE komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, frá gildistöku tilskipunar þessarar og með fyrirvara um ákvæði 2. og 4. mgr., tryggja áfram að blýbensín sé fánlegt á yfirráðasvæðum sínum og sem víðast.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 90, 4. 4. 1987, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 190, 20. 7. 1987, bls. 180.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 180, 8. 7. 1987, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 96, 3. 4. 1985, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 37.

2. Reynist aðildarríki erfitt að standa við þau mörk sem gilda um hámark blýs í blýbensíni vegna skyndilegra breytinga á hráólubirgðum eða birgðum af jarðolíufurðum, er aðildarríkinu heimilt að leyfa hærri mörk á yferráðasvæði sínu í fjóra mánuði eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um það. Ráðinu er heimilt að framlengja fyrirnefnt tímabil með ákvörðun sem tekinn er með auknum meirihluta að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni.

3. Aðildarríkin skulu, strax og þau telja það við hæfi, lækka leyfilegt magn blýsambanda, útreiknað sem blý, í blýbensíni sem sett er á markaði þeirra í 0,15 g Pb/lítra.

4. Aðildarríkjum er heimilt að banna markaðssetningu blýbensíns með hreyfilsoktantölu (MON) sem er lægri en 85 frá dælu og prófunaroktantölu (RON) sem er lægri en 95 frá dælu á yferráðasvæðum sínum ef slík ráðstöfun er gerð til verndar heilsu manna og umhverfi og greiðir fyrir því að blýlaust bensín verði á boðstólum á landssvæðum þeirra og sem víðast í samræmi við 1. mgr. 3. gr.

5. Lögleiði aðildarríki bannið sem getið er um í 4. mgr. ber því að gefa framkvæmdastjórninni og almennungi viðvörun með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðild-

arríkjunum um þetta án tafar. Framkvæmdastjórninni ber að kanna fyrirhugaðar ráðstafanir innan þriggja mánaða frá því að henni berst tilkynning frá aðildarríkinu til að tryggja að þær séu í samræmi við tilskipun þessa og við önnur ákvæði í lögum bandalagsins.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi skal ganga í gildi daginn eftir birtingu hennar.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. júlí 1987.

Fyrir hönd ráðsins,
CH. CHRISTENSEN
forseti.